

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins nr. 112,

6. apríl 1968.

1. gr.

17. gr. hljóði svo:

17. gr. **Lágmarksgjald.**

Ef gjald fyrir rafmagnsnotkun um mæli nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælinn, er Rafmagnsveitunum heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er Rafmagnsveitunum heimilt að taka mælinn niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

2. gr.

18. gr. hljóði svo:

18. gr. **Gjald fyrir raforku.**

Gjald fyrir raforku skal ákveða í gjaldskrá.

Notandi skal greiða Rafmagnsveitunum gjald fyrir raforkukaupin samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar á raforku skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hvernar gjaldskrár á því tímabili, sem reikningurinn tekur til.

Rafmagnsveiturnar mega grundvalla orkureikninga á áætlun um orkunotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun, en í henni sé orkunotkuninni jafnað niður á daga. Reikningar sem byggjast á staðreyndri orkunotkun, nefnast álestrarreikningar, en reikningar, sem byggjast á áætlaðri orkunotkun, nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega orkunotkun skal staðreyna eigi sjaldnar en á u. þ. b. 12 mánaða fresti. Þegar orkunotkun hefur verið staðreynd, skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra, og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar. Notandi getur jafnan, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálestrar og uppgjörs, miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um orkunotkun vegna nýrra forsendna.

Reikninga skal senda orkukaupanda á notkunarstað, eða annan stað, sem hann tiltekur.

Gjalddagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er 10 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Einnig skal tilgreina greiðslustað.

Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, mega Rafmagnsveiturnar áskilja sér og innheimta vanskilavexti, sem reiknist frá eindaga reiknings hverju sinni.

3. gr.

19. gr. hljóði svo:

19. gr. **Lokun fyrir veitu og enduroppnun.**

Sé orkureikningur ekki greiddur á eindaga, eða ef notandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari eða skriflegum samningi um orkukaup verulega, mega Rafmagnsveiturnar stöðva orkuafhendingu til notanda, að undangenginni aðvörun, sem komið skal á framfæri við notanda annað hvort skriflega eða munnlega með þriggja daga fyrirvara. Sé aðvörunin munnleg, skal hún tímasett og skráð í sérstaka tilkynningabók.

Vanskil á greiðslu áætlunarreikninga heimila Rafmagnsveitunum sömu aðgerðir til innheimtu og stöðvunar á orkuafhendingu og vanskil á álestrarreikningum. Rafmagnsveiturnar bera enga ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar stöðvunar.

Beri kaupandi ábyrgð á orkukaupum um fleiri en eina veitu (mæli) má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra.

Stöðvun orkuafhendingar hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notanda á skuldum við Rafmagnsveiturnar, þ. á m. fastagjald og aflgjald á lokunartíma.

Rafmagnsveiturnar hafa rétt til þess að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar (lokun), ennfremur við framkvæmd lokunar, svo og opnun veitunnar.

Rafmagnsveiturnar mega stöðva orkuafhendingu með hverjum þeim hætti, sem henta þykir, með straumrofi í íbúð eða húsnæði notanda eða utanhúss. Rafmagnsveitunum er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orkuafhendingarinnar, enda sé ekki óeðlilega langur tími liðinn frá aðvörun um hana.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda geta Rafmagnsveiturnar ákveðið að opna ekki aftur, nema ekki sé lengur um vanskil eða aðrar vanefndir að ræða og/eða trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis.

Enginn má rjúfa straum eða endurtengja veitu nema þeir, sem Rafmagnsveiturnar hafa veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið gegn þessu skal farið með það sem óleyfilega straumnotkun.

4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt 65. gr. orkulaga nr. 58/1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 16. ágúst 1984.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

Nr. 369

15. ágúst 1984

## REGLUGERÐ

**um bann við fiskveiðum 25.—31. ágúst 1984.**

1. gr.

Frá og með 25. ágúst 1984 til og með 31. ágúst 1984 er bátum, sem eru minni en 10 brl., óheimilt að stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 15. ágúst 1984.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Kjartan Júlíusson.*